

From: Arnar Þór Sævarsson [<mailto:arnar@blonduos.is>]
Sent: 3. júní 2015 09:10
To: Höskuldur Þór Þórhallsson; Heimir Skarphéðinsson
Cc: Valgarður Hilmarsson
Subject: Samgönguáætlun 2015-2018

Sæll Höskuldur,

Í meðfylgjandi minnisblaði eru áherslumál sveitarfélagsins Blönduósbæjar í samgönguáætlun 2015-2018. Um er að ræða lagfæringar á þjóðvegi 1 í gegnum Blönduós og smíði göngubrúar yfir Blöndu svo að brúin yfir Blöndu standist umferðarkröfur.

Ástæðulaust er að tíunda mikilvægi þessa máls en Vegagerðin hefur verið að benda á nauðsyn þess að ráðast í þetta verkefni enda er um að ræða þjóðveg 1 við þéttbýlið Blönduós.

Erindið er jafnframt sent á Heimi ritara samgöngunefndar.

Kveðja,

Arnar Þór Sævarsson, hdl.
Sveitarstjóri Blönduósbæjar

Hnjúkabyggð 33 540 Blönduósi
Sími: 455 4700 Fax: 455 4701

Brýnar úrbætur á Þjóðvegi 1 um Blönduós.

Tekið saman af Tæknideild Blönduósbæjar í september 2014.

Núverandi Blöndubrú var byggð á árunum 1962-63 er því orðin yfir 50 ára gömul. Verulegt slit er komið í yfirborð hennar og er svo komið að járnabinding brúarinnar blasir á köflum við eins og kóngulóavefur. Það getur ekki talist heppilegt og er beinlínis falin í því talsverð hættu á að járn geti skemmt farartæki ef illa færi t.d. við snjómokstur. Eftir að sett var gönguleið á brúnna árið 1991 hefur ökuleiðin verið þröng og hafa orðið nokkur óhöpp vegna þess á liðnum árum.

Vegagerðin lét hanna göngubrú árið 2012 sem kæmi neðan núverandi brúar og myndi þjónusta umferða gangandi og hjólandi vegfarenda. Sú framkvæmd er mjög mikilvæg út frá öryggissjónarmiðum og er til þess fallin að bæta úr þeim slæmu aðstaðum sem gangandi og hjólandi fólki er boðið upp á í dag.

Umferðarálag á Þjóðveginum um Blönduós er mikið og er brýnt að leggja á hann slitsterkara yfirborð en klæðningu auk þess sem burður í Þjóðveginum er ekki nægur miðað við það sig sem fram kemur í honum á nokkrum svæðum á kaflanum frá hringtorgi og upp fyrir Efstubraut. Þá eru ekki niðurföll sem taka við yfirborðsvatni og hefur það m.a. runnið niður að tjaldstæðinu með tilheyrandi óþægindum. Í ljósi þess er því orðið brýnt að malbika Þjóðvegin í gegnum Blönduós ásamt því að auka burðarþol vegarins og ganga frá honum með regnvatnslögnum.

Hringtorgið við Blönduós var byggt 1991 og er barn síns tíma. Hringtorgið er einbreitt og flokkast sem „lítið hringtorg“. Miðeyja hringtorgsins er 10 metrar í þvermál og hringtorgið sjálft 27-28 metra breytt. Hringtorg af þessu taki eru ætluð fyrir safnvegi og annars flokks tengibrautir í þéttbýli en þar þarf oft að gera ráð fyrir stórum ökutækjum og hringtögin geta þá verið yfirkeyranleg að hluta.

Árið 2013 var ársdagsumferð á hringvegskafnanum frá Svinvetningabraut(hringtorg) að Efstubraut er 2.980 ökutæki og sumardagsumferð 3.402 ökutæki.



Núverandi brúargólf Blöndubrúar. Myndin er tekin í apríl 2014.



Mynd af hringtorginu við Blönduós.

Í hönnunarleiðbeiningum fyrir hringtorg í dreifbýli segir eftirfarandi:

„Hringtorg í dreifbýli eru oftast notuð til að draga úr umferðarhraða á stofnvegum sem hafa tengingu inn í þéttbýliskjarna. Hringtorg eru þó einnig notuð til að draga úr umferðarhraða á stofnvegum sem liggja meðfram þéttbýliskjörnum. Þar sem umferðarhraði á þjóðvegum er mikill og töluvert er um umferð stórra ökutækja, þurfa miðeyjur hringtorga að vera nokkuð stórar. Lágmarkspvermál miðeyju er 30 metrar og lágmarksheildarþvermál er 43 metrar.“

Það er því ljóst að núverandi hringtorg stenst enganvegin þær umferðarkröfur sem gerðar eru til þjóðvega í dag.

Búið er að forhanna breytingar á hringtorginu og göngubrú og því brýnt að gert verði ráð fyrir fjármunum til vegaframkvæmda 2016 og 2017.

Blönduósi, 19. september 2014

Ágúst Þór Bragason, yfirmaður Tæknideildar